



Alþingi  
Erindi nr. P 130/1937  
komudagur 16.4.2004

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

16. apríl 2004

**Málefni:** Umsögn Staðlaráðs Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu

Staðlaráð Íslands vill benda á að nokkrur ónákvæmni gæti í orðalagi frumvarpsins þar sem minnst er á staðla, þ.e. „innlenda staðla sem innleiða Evrópustaðla“, „íslenska staðla“ og „evrópska öryggisstaðla“ (í greinargerð). Innlendir staðlar sem innleiða Evrópustaðla eru að sjálfsgöðu íslenskir staðlar, staðfestir af Staðlaráði Íslands og bera auðkennið ÍST, sbr. lög nr. 36/2003 um staðla og Staðlaráð Íslands. Evrópustaðlar bera auðkennið EN, en ekki er til neinn flokkur staðla sem heitir „evrópskir öryggisstaðlar“ þótt vissulega fjalli margir Evrópustaðlar um öryggi.

Einnig er talað um „birtingu staðla“ en staðlar eru ekki birtir á sama hátt og t.d. lög og reglugerðir. Hins vegar gengur „nýja aðferðin“ svokallaða út á að grunnkröfur til vöru eru settar fram í tilskipunum, en síðan er *vísað til* staðla um nákvæma útfærslu. Slíkar tilvísanir eru birtar í Stjórnartíðindum ESB og eru þar jafnan aðeins tilgreind númer og heiti þeirra staðla sem nota má í þessum tilgangi, en texti þeirra er ekki birtur. Samsvarandi tilvísanir eru birtar í EES-viðaukanum við Stjórnartíðindi ESB, og telst það fullnægjandi birting á Íslandi skv. lögum nr. 63/2001, um breytingu á lögum nr. 64/1943 um birtingu laga og stjórnvaldaerinda.

Staðlaráð leggur því til að 8. gr. orðist svo (breytingar auðkenndar með skáletri):

Í stað 2. mgr. 9. gr. koma þrjár nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Vara telst vera örugg ef hún er í samræmi við skilyrði sem fram koma í *íslenskum stöðlum (ÍST)*, sem innleiða Evrópustaðla (EN), sem *tilvísun hefur verið birt* í hér á landi og í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins í samræmi við ákvæði tilskipunar um öryggi vöru.

Í þeim tilvikum þar sem ákvæði um öryggi vöru er ekki að finna í reglum eða stöðlum í samræmi við 1. og 2. mgr. skal öryggi vörunnar m.a. metið með hliðsjón af eftirfarandi:

1. Íslenskum stöðlum (ÍST).
2. Tilmælum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins þar sem fram koma viðmiðunarreglur um mat á öryggi vöru.
3. Gildandi lögum og reglum um góðar starfsvenjur varðandi öryggi vöru innan viðkomandi atvinnugreinar.
4. Alþjóðlegum stöðlum, öðrum en þeim sem getið er í 2. mgr.
5. Öðrum viðeigandi atriðum, þar á meðal eðli vöru, öðrum vörum sem hún er notuð með, tæknistigi og tækni og því öryggi sem neytendur geta vænst með réttu.

Ef ekki eru til sérákvæði í tilskipunum Evrópusambandsins um öryggi tiltekinna vöru telst viðkomandi vara örugg ef hún er í samræmi við sérreglur í landslögum þess EES-rikis þar sem hún er markaðssett enda séu slíkar reglur í samræmi við grundvallarreglur Evrópusambandsins og EES-samningsins um leyfilegar takmarkanir að því er varðar öryggi vöru.

Virðingarfyllst

*Guðrún Rögnvaldardóttir*

Guðrún Rögnvaldardóttir  
framkvæmdastjóri Staðlaráðs Íslands.